

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Móttúga:	28.06.2017
Málalykill:	0.00
Mál nr.:	1706325



Lögmenn
Laugavegi 3

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 26. júní 2017

Sala á byggingarlóðum undir einbýlishús – Kvaðir vegna framkvæmda – Byggingafræðingar sniðgengnir


Fyrirsvarsmenn Byggingafræðingafélags Íslands hafa leitað til undirritaðrar og óskað eftir aðstoð vegna auglýsingar á sölu einbýlishúsaloða við Brúnás í Garðabæ. Í lýsingu á kvðum vegna framkvæmda kemur fram að lóðarhafar verða að skuldbinda sig til að láta arkitekt FAÍ annast hönnun mannvirkja. Það vekur hér athygli að ekki er minnst á byggingafræðinga sem hafa þó heimild til að annast hönnun mannvirkja af þessari tegund en menntun byggingafræðinga nýttist einmitt sérstaklega vel við verkefni eins og þetta.

Með bréfi þessu er á það bent að samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 geta byggingafræðingar fengið löggildingu sem hönnuðir og ættu með sama hætti og arkitektar að uppfylla þau hæfisskilyrði sem gerð eru vegna hönnunar á einbýlishúsum.

Svo sem kunnugt er stendur Byggingafræðingafélag Íslands vörð um hagsmuni íslenskra byggingafræðinga. Í félaginu eru í dag skráðir rúmlega 400 byggingafræðingar og fjöldi fólks við nám í byggingafræði, bæði hér á landi og erlendis. Þannig mun fjölga enn frekar í stéttinni á komandi árum. Vegna þessa er m.a. nauðsynlegt að Garðabær gæti þess í hvívetna að byggingafræðingar séu í hópi þeirra stétta sem uppfylla hæfisskilyrði laga um mannvirki til jafns við arkitekta og aðra fagaðila á þessu sviði.

Með bréfi þessu er hvatt til þess að byggingafræðingar sitji við sama borð og arkitektar þegar kemur að skilmálum hjá Garðabæ við hönnun húsa og þess farið á leit að umræddum kvðum verði breytt. Þannig verði tryggt að byggingafræðingar njóti hér jafnræðis svo sem lög kveða á um.

Virðingarfyllst,


Lára V. Júlíusdóttir hrl.

